

Öggur ehf  
Prestssæti  
551 Sauðárkróki

Akureyri, 13.11.2024  
UST202402-092/G.S.Á.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit vegna lokunar, þann 15.10.2024 - Öggur ehf.,  
Hjaltadal ID245**

Þann 15. október sl. fór fram reglubundið eftirlit vegna lokunar í fiskeldisstöðina Öggur ehf., Hjaltadal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin starfsemi er í stöðin og hefur henni verið lokað. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila myndir til staðfestingar á frágangi stöðvarinnar, að honum loknum, svo hægt verði að fella niður starfsleyfið í framhaldinu, hafi beiðni þess efnis borist til Umhverfisstofnunar.  
Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.**

**Tvö frávík komu fram er varða:**

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. **Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.**
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mælingar hafa ekki verið gerðar árið 2024. **Starfsemi hefur verið hætt í stöðinni og er frávikinu því lokað.**

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávíki nr. 1 í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. desember 2024.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri